



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

49. tölublað 5. árgangur nóvember 2016 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

náms **A**hugi-þ **R**autseigja- **S**amvinna-lei **K**ur-útisk **O**li- **G**leði- **U**mhyggja-vi **R**öðing

Loksins vetur!



Muna aukafötin

Allir nemendur hafa geymsluhólf fyrir aukaföt, allir fara út alla daga og því mikilvægt að það sé þægilegt að leika og læra úti í hlýjum fötum.

Grænfáni-lýðheilsa

Í september settum við okkur ný markmið í umhverfismennt og nú ætlum við að vinna saman að þemanu **lýðheilsu**: *Hvernig er heilsa okkar í skólanum? Hreyfum við okkur nóg? Hvað getum við gert til að hreyfa okkur meira í daglegu lífi? Borðum við hollan mat? Líður okkur vel í skólanum og daglega lífinu? Erum við góð hvert við annað? Erum við dugleg að vera úti í náttúrunni? Hvaða áhrif hefur lífstíll okkar á umhverfið?*

Nánar hér.



Kæra skólasamfélag!

Þá er veturinn kominn formlega þó enn vanti snjóinn, hann kemur. Skólafélag gengur vel og fullt af jákvæðum uppbyggjandi hlutum í gangi í námi og leik enda er skólinn vel mannaður fólki sem leggur sig fram um að ná árangri, svo er líka samvinna við foreldra afar góð og þannig náum við saman sem bestum árangri fyrir hvern og einn nemanda.


Sjáumst í skólanum, alltaf velkomin til okkar!

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Lestraráttak

Lestur er grunnstoð alls náms og mikilvægt að börn lesi heima a.m.k. 5 sinnum í viku. Í skólanum lesa nemendur fjölbreytt efni og vinna ýmsa tæknivinnu tengda lestri og læsi.

Undanfarið hefur verið í gangi skemmtilegt klukkuverkefni þar sem nemendur merktu á klukkur lestrartíma heimalesturs og hengdu klukkurnar upp á vegg í 4 vikur. Svo var gert súlurit til að sýna árangurinn og hann er aldeilis góður!



Vika 1=709 mínútur
Vika 2= 962 mínútur
Vika 3= 1145 mínútur
Vika 4= 1342 mínútur

Svo er að halda áfram í allan vetur!



UMBOÐSMAÐUR BARNNA

Nýverið fengum við heimsókn frá fulltrúa embættis umboðsmanns

barna sem ræddi við nemendur um hlutverk umboðsmanns og um réttindi barna m.a. um **Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna**. Það er fróðlegt fyrir foreldra að kynna sér vef umboðsmanns en hann er á þessari slóð: <https://www.barn.is/>

Hlutverk: Umboðsmaður barna vinnur að því að bæta hag barna og unglunga og á að gæta þess að tekið sé tillit til réttinda barna, þarfa og hagsmuna á öllum sviðum samfélagsins.

Umboðsmaður barna tekur ekki til meðferðar ágreining milli einstaklinga en honum ber að leiðbeina þeim sem til hans leita með slík mál um leiðir sem færar eru innan stjórnábyrgð og hjá dómstólum.

Börn eiga rétt á vernd gegn líkamlegu og andlegu ofbeldi og gegn vanrækslu. Börn eiga líka rétt á aðstoð ef þeim líður illa og eru hættuleg sjálfum sér og öðrum. Barnavernd snýst um aðstoð við börn sem búa við óviðunandi aðstæður heima hjá sér eða eru talin stofna heilsu sinni og þroska í hættu. Kynnið ykkur allt um [barnaverndina hér](#).

Frá foreldrafélaginu-piparkökubakstur

Nú er komið að hinum árlega piparkökubakstri foreldrafélagsins. Eins og áður er þessu skipt upp á þrjú kvöld, **22. – 24. nóvember**. Vegna fækkunar í barnahópnum er breytt snið á uppsetningu bakstursins. **Hvert foreldri mætir tvö kvöld**, ef eru foreldrar sem sjá sér fært um að keyra út húsunum á föstudagsmorgni, endilega að hafa samband við Jónu (jona@dalvikurbyggd.is) og í staðinn sleppa þeir við að mæta í bakstur **annað kvöldið**.

Það verður sendur tölvupóstur með öllum helstu upplýsingum þegar nær dregur. Vinsamlegast **takið kvöldin frá** þar sem þetta er aðalfjáröflunin fyrir börnin okkar og æskilegt að allir leggi sitt af mörkun. Ekki er ætlast til að fólk sé að taka börnin sín með í baksturinn svo fínt er að fara að huga að pössun.



Opnunartími, símanúmer, heimasíða, skóladagatal

Árskógarskóli er opinn alla virka daga frá 8-16.

Síminn er 460-4970, Kötlukot 460-4973, skólastjóri 460-4971

Vinsamlegast kynnið ykkur [skóladagatal 2016-2017](#) svo allt sé á hreinu!

Munið eftir [myndasafninu](#) á [heimasíðunni hér](#).

Við erum á Facebook: <https://www.facebook.com/arskogarskoli/>



námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Viðburðadagatal nóvember 2016

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur Laugardagur Sunnudagur

<p>Matseðill <u>Hér finnurðu hann!</u></p> 	1	2	3	4 Skipulagsdagur LOKAÐ	5	6
7	8 Baráttudagur gegn einelti 	9	10	11 Haustönn lýkur matsmöppur	12	13
14 Vetrarönn hefst	15	16 Dagur íslen- skrar tungu 	17	18	19	20
21	22 Tómas 6 ára  Piparköku- bakstur foreldra	23  Piparköku- bakstur foreldra	24 Piparköku- bakstur foreldra	25	26	27
28	29	30				